Námsgrein: Íslenska 8. bekkur

Kennari: Guðrún Sædís.

Tímafjöldi á viku: 3,5 klukkustundir

Kennsluaðferðir og skipulag: Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Nemendur sinna yndislestri heima og í skóla, setja sér lestrarmarkmið, halda lestardagbók og vinna kjörbókarverkefni að minnsta kosti einu yfir veturinn. Unnið er samvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, svo sem hljóðbækur, orðabækur, villupúka og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Námsáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Bókmenntir og ljóð Málfræði Ritun Stafsetning	Gísla saga Súrssonar Sólgos eftir Arndísi Þórarinsdóttur Yndislestrarbækur Ritunarbókin Skapandi ritun Ritgerðarskrif Verkefni frá kennurum Nemendamiðuð málfræði	Nemandi getur: • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir. • beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum. • lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð. • notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum. • haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum. • skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. • beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið. • samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum. • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.	• Gísla sögu lota • Kjörbókarverkefni • Bókmenntaverkefni • Ritunarverkefni • Ýmis verkefni frá kennurum. • Þátttaka og virkni í tímum.

		• beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun. • áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti. • áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu. • nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.	
Lestur og lesskilningur	Útbrot Ýmis verkefni frá kennurum. Læsisvefurinn Lestrarþjálfun Allur lestur!	Nemandi: • valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. • beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn. • skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika. • valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.	• Lestrarmappa • Lestrardagbók • Valin skilaverkefni • Verkefni frá kennurum. • Virkni og þátttaka í tímum

		• lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni.	
Áhorf og hlustun	Íslenskar kvikmyndir og þættir. Til dæmis: Kappsmál Orðbragð Ferðalok Útlaginn Dalalíf Ýmis hlaðvörp Netskrafl og spil	Nemandi getur: • horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt. • nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. • nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	• Verkefni metin. • Njóta og hafa gaman af því að leika sér með íslenskuna.
Framsögn og tjáning	Kynningar Umræður	Nemandi getur: • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi. • miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum.	• Metið út frá viðmiðum um árangur hverju sinni.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Grein	Tenging við kennsluáætlun
12. grein – Skoðanir barnsins og þátttaka Barn á rétt á að tjá skoðanir sínar í málum sem það varða og að tekið sé tillit til þeirra.	Undir grunnþættinum *Lýðræði og mannréttindi* er lögð áhersla á að nemendur séu með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Einnig æfa nemendur að tjá skoðanir sínar og rökstyðja þær í framsögn, umræðum og ritun.

28. grein – Réttur til menntunar Öll börn eiga rétt á menntun og ríkin eiga að tryggja jöfn tækifæri til að nýta sér hana.	Áherslan á *Jafnrétti* komandi fram í áætluninni tryggir að nemendur hafi jöfn tækifæri til náms út frá eigin forsendum. Notkun hjálpargagna, svo sem hljóðbóka og villupúka, styður við þennan rétt.
29. grein – Markmið menntunar Menntun skal miða að því að efla persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu barnsins sem flest.	Grunnþátturinn *Sköpun* hvetur nemendur til að efla eigin hæfileika í gegnum ritun og tjáningu.
31. grein – Menning, listir og tómstundir Barn á rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og þátttöku í menningarlífi.	Nemendur sinna yndislestri og kynnast fjölbreyttum bókmenntum, kvikmyndum og hlaðvörpum. Í kennsluáætluninni er sérstaklega miðað að því að nemendur njóti þess að leika sér með tungumálið.

Heimsmarkmiðin

Markmið	Tenging við kennsluáætlun
3. Heilsa og vellíðan Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla, óháð aldri.	Undir grunnþættinum Heilbrigði og velferð er lögð áhersla á að byggja upp sjálfstraust nemenda til að koma fram og skila eigin verkum, sem stuðlar að andlegri vellíðan þeirra í náminu.
4. Menntun fyrir öll Stuðla að jafnrétti til náms fyrir alla og efla tækifæri allra til náms alla ævi.	Fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat og áhersla á að nemandi beri ábyrgð á eigin námi endurspegla markmiðið um aðgengilegt nám fyrir alla.

5. Jafnrétti kynjanna Jafnrétti kynjanna og valdefling allra kvenna og stúlkna.	Grunnþátturinn Jafnrétti leggur áherslu á að nemendur hafi, út frá eigin forsendum, jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna, óháð kyni.
10. Aukinn jöfnuður Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.	Notkun hjálpargagna á borð við hljóðbækur, orðabækur og villupúka undir grunnþættinum Sjálfbærni tryggir að nemendur með ólíkar þarfir hafi jöfn tækifæri til að ná árangri.
16. Friður og réttlæti Stuðla að friðsælum og öflugum stofnunum, réttlæti og þátttöku almennings.	Grunnþátturinn Lýðræði og mannréttindi leggur áherslu á að nemendur séu með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum, sem þjálfar lýðræðislega þátttöku og ábyrgð.
17. Samvinna um markmiðin Efla alþjóðlega samvinnu og samstarf til að ná markmiðunum.	Hópavinna og umræður sem hluti af kennsluaðferðum þjálfa nemendur í samvinnu og gagnkvæmri virðingu við skoðanaskipti.